

Niðurstöður kennslumats haustannar 2010

Könnunin fór fram í gegnum kennslumatsvef SPlist með krækju á heimasíðu skólans. Kennslustjórar-ákváðu hvaða áfanga skyldi meta. Áfangar fara í kennslumat á tveggja til þriggja anna fresti.


Svarhlutfall er 53,5% miðað við skráða nemendur 30. nóvember. Þetta er töluvert betra svarhlutfall en á vorönn 2010 með 48,6%. En þó vantar töluvert upp á að ná því markmiði sem skólinn setti sér í sjálfmatsáætlun fyrir skólaárið 2009/2010 sem er að fá a.m.k. 60% nemenda til að svara könnuninni. Kennarar voru beðnir um að ráðstafa einni kennslustund til að láta nemendur svara könnuninni, þanta fartölvuvagn fyrir þá nemendur sem ekki voru með tölvu eða þanta tíma í tölvuveri. Gert var ráð fyrir því að kennslumatið fari fram 1. – 30. nóvember, en vegna tæknilegra örðugleika opnaðist könnunin ekki fyrr en 4. nóvember og var hún opin til 30. nóvember. Svörun var misjöfn eftir hópum og verður leitað skýringar í þeim hópum, þar sem svarhlutfallið var minna en 40%.

Upplýsingar um nemandann

Kyn

	Kona	Karl
ég er	419 (76%)	131 (24%)
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

ég er




Mat á námi


Leggðu mat á námið þitt í áfanganum

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
Ég mæti vel í kennslustundir	345 (60%) <input type="checkbox"/>	175 (30%) <input type="checkbox"/>	47 (8%) <input type="checkbox"/>	9 (2%) <input type="checkbox"/>	2 (0%) <input type="checkbox"/>
Ég fylgist vel með og vinn verkefni samviskusamlega	330 (58%) <input type="checkbox"/>	209 (37%) <input type="checkbox"/>	25 (4%) <input type="checkbox"/>	3 (1%) <input type="checkbox"/>	5 (1%) <input type="checkbox"/>
Mér finnst ég hafa lært mikið í þessum áfanga	282 (50%) <input type="checkbox"/>	208 (37%) <input type="checkbox"/>	54 (9%) <input type="checkbox"/>	15 (3%) <input type="checkbox"/>	10 (2%) <input type="checkbox"/>
Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi	287 (51%) <input type="checkbox"/>	171 (30%) <input type="checkbox"/>	55 (10%) <input type="checkbox"/>	31 (5%) <input type="checkbox"/>	24 (4%) <input type="checkbox"/>


Ég mæti vel í kennslustundir




Ég fylgist vel með og vinn verkefni samviskusamlega



Mér finnst ég hafa lært mikið í þessum áfanga




Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi



Heimavinna

	0-1	fleiri en 5	1-2	2-3	3-4	4-5
Áætlaðu hvað margar klukkustundir á viku þú notar í heimavinnu í áfanganum	182 (32%)	18 (3%)	160 (28%)	142 (25%)	51 (9%)	22 (4%)
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Áætlaðu hvað margar klukkustundir á viku þú notar í heimavinnu í áfanganum




Mat á áfanga


Leggðu mat á áfangann:

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
Áfanginn er vel skipulagður	293 (51%)	223 (39%)	40 (7%)	16 (3%)	2 (0%)
Ég er ánægð/ur með námsbók/-bækur áfangans (lesefni)	247 (43%)	202 (35%)	64 (11%)	41 (7%)	19 (3%)
Ég er ánægð/ur með námsgögn þ.e. glósur, verkefni o.þ.h.	278 (49%)	203 (35%)	54 (9%)	26 (5%)	12 (2%)
Ég hef gagn af skyndiprófum/hlutaprófum/kaflaprófum	278 (49%)	178 (31%)	45 (8%)	20 (4%)	46 (8%)
Mér finnst samræmi milli prófa/verkefna og kennslu/markmiða áfangans	286 (50%)	188 (33%)	42 (7%)	18 (3%)	33 (6%)
Vinnuálag áfangans er hæfilegt	254 (45%)	220 (39%)	58 (10%)	27 (5%)	10 (2%)


Áfanginn er vel skipulagður




Ég er ánægð/ur með námsbók/-bækur áfangans (lesefni)




Ég er ánægð/ur með námsgögn þ.e. glósur, verkefni o.þ.h.




Ég hef gagn af skyndiprófum/hlutaprófum/kaflaprófum



Mér finnst samræmi milli prófa/verkefna og kennslu/markmiða áfangans



Vinnuálag áfangans er hæfilegt




Mat á kennslu


Leggðu mat á kennsluna í áfanganum

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
Útskýringar og fyrirmæli eru góð	349 (61%)	175 (30%)	37 (6%)	10 (2%)	5 (1%)
Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslustundir	399 (69%)	143 (25%)	23 (4%)	6 (1%)	4 (1%)
Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér	400 (70%)	125 (22%)	22 (4%)	17 (3%)	11 (2%)
Verkefnum/ritgerðum/prófum o.s.frv. er skilað til baka innan eðlilegra tímamarka	358 (62%)	145 (25%)	26 (5%)	14 (2%)	31 (5%)
Verkefnum/ritgerðum/o.s.frv. er skilað með leiðbeiningum/uppbyggjandi athugasemdum	344 (60%)	145 (25%)	39 (7%)	9 (2%)	34 (6%)
Hæfilegur agi er í kennslustundum	334 (58%)	175 (31%)	39 (7%)	18 (3%)	6 (1%)
Hæfilega fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni	297 (52%)	177 (31%)	67 (12%)	15 (3%)	17 (3%)
Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir	403 (71%)	127 (22%)	20 (4%)	12 (2%)	4 (1%)


Útskýringar og fyrirmæli eru góð




Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslustundir




Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér




Verkefnum/ritgerðum/prófum o.s.frv. er skilað til baka innan eðlilegra tímamarka




Verkefnum/ritgerðum/o.s.frv. er skilað með leiðbeiningum/uppbyggjandi athugasemdum




Hæfilegur agi er í kennslustundum



Hæfilega fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni



Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir



Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1-10?

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
8 (1%)	6 (1%)	8 (1%)	7 (1%)	18 (3%)	25 (4%)	63 (11%)	97 (17%)	158 (28%)	181 (32%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Meðaleinkunn: 8,3

Nemendur fengu að svara tveimur opnum spurningum og fá kennarar svörin þeirra send.

Álit nemenda

Hvað finnst þér best við áfangann?

Komdu á framfæri því sem þér þykir jákvæðast við kennslu, námsefni og verkefni/próf í áfanganum.

Hvað finnst þér að betur mætti fara í áfanganum?

Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, námsefni og verkefni/próf í áfanganum.


Niðurstöður

Mun fleiri konur svöruðu könnuninni en karla og var hlutfallið 76% konur og 24% karlar. Kynjahlutfallið í dagskólanum á vorönninni var 65% konur og 35% karlar. Fleiri nemendur á bóknámsbrautum en á heilbrigðisbrautum tóku þátt í könnuninni og er því áberandi hvað konur virðast frekar vera tilbúnar að svara kennslumati en karlar og þarf að athuga hvernig væri hægt að virkja karlkyns nemendur til að taka þátt.

Svarhlutfall er 53,5% miðað við skráða nemendur 30. nóvember. Svarhlutfallið á vorönn 2010 var 48,6% og er þetta því mun betri þátttaka en langt frá því að vera ásættanleg. Í sjálfmatsáætlun fyrir skólaárið 2009/2010 var markmið sett að fá 60% nemenda til að svara. Þessu markmiði var ekki náð og verður leitað skýringar í þeim hópum, þar sem svarhlutfallið hefur verið undir 40%.

Kennslumatið var ekki framkvæmt í nokkrum séráföngum heilbrigðisbrautar svo og í áföngum sem eru ætlaðir nemendum með annað móðurmál en íslensku. Einnig var hægt við að leggja kennslumat fyrir nemendur í íþróttagreinum og myndlist, þar sem margar spurningar eiga ekki erindi við verklegar greinar. Til stendur að útbúa sér kennslumat fyrir íþróttir, list- og verkgreinar og fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku fyrir vorönn 2011.

Mikil fylgni er í öllum niðurstöðum kannana á vorönn 2010 og haustönn 2010 (Pearson-fylgni á milli annanna er 0,9262). Á haustönn 2010 gáfu nemendur í 16 af 18 atriðum hærri einkunn en á vorönn 2010. Nemendur gáfu stig frá 1 (mjög ósammála) og upp í 4 (mjög sammála). Meðaltal haustannar 2010 er merkt inn á súluritið.



Kennarar fá góðar einkunnir hjá nemendum fyrir stundvísi (3,6), góðar útskýringar (3,5), góðan undirbúning (3,6) og gott viðmót (3,5).


Sjálfir segjast nemendur mæta vel (3,5) og fylgjast vel með í kennslutímum (3,5).

Námsbækur (3,1) og námsgögn (3,2) fá lægri einkunn og þarf að leita nánari skýringar á því.

Athuga þarf einnig af hverju ekki fleiri nemendur segjast hafa gagn af prófum (3,1) og að námið gagnist þeim í framtíðinni (3,2).

Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1-10?

Nemendur gáfu kennurum sínum 8,3 í einkunn og er það í takt við niðurstöður síðustu kannana.



Álit nemenda

Nemendum gafst tækifæri til að koma sinni skoðun á framfæri í tveimur opnum spurningum. Svör nemenda verða send kennurum viðkomandi áfanga.

Hvað finnst þér best við áfangann? Komdu á framfæri því sem þér þykir jákvæðast við kennslu, námsefni og verkefni/próf í áfanganum.

Tæplega helmingur (43,5%) þátttakenda notaði tækifærið til að koma sinni skoðun á framfæri.

Hvað finnst þér að betur mætti fara í áfanganum? Komdu á framfæri á bændingum varðandi kennslu, námsefni og verkefni/próf í áfanganum.

35,3% þátttakenda svöruðu þessari spurningu.

Anmarkar

Svarhlutfallið er 53,5% miðað við fjölda nemenda skráðir í áfanga 30. nóvember 2010. Er þetta mun hærra svarhlutfall en á vorönn 2010, þar sem 48,6% nemendur svöruðu. Í einstökum hópum var svarhlutfallið langt undir meðaltali og þarf að athuga hver sé ástæða fyrir minni þátttöku nemenda í þessum hópum. Áberandi færri svör bárust frá körlum en konum og þarf að athuga hver ástæðan fyrir þessu er og hvernig mætti virkja karlana betur til að taka þátt í könnuninni.

Kennslumatið hentar ekki fyrir íþróttagreinar, list- og verkgreinar svo og stuðningskennslu. Einnig þarf að þýða kennslumatið fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku eða útbúa sér kennslumat handa þeim. Verður lögð áherslu á að útbúa kennslumat fyrir þessar sérgreinar á vorönn 2011.